

Nd. **491. Frumvarp til laga** [185. mál]
um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 77. löggjafarþingi, 1958.)

1. gr.

Dagana 13.—17. maí 1958, að báðum dögum meðtöldum, skulu tollstofnanir ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem gert er ráð fyrir að næstu daga verði sett lög, sem meðal annars fela í sér hækkunir á aðflutningsgjöldum, þykir með tilvísun til 19. gr. laga nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., rétt að setja ákvæði um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu, og er frumvarp þetta þess vegna borið fram.